

Nr. 091 / 11 Særún EA 251***Fékk á sig sjó og skipverji slasast***

Skipaskr.nr. 2303
Smíðaður: Hafnarfirði 1998, plast
Stærð: 9,8 brl. 11,7 bt.
Mesta lengd: 10,48 m Skráð lengd: 10,46 m
Breidd: 3,46 m Dýpt: 1,4 m
Vél: Yanmar 323 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 2



Særún©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Pann 16. júní 2010 var Særún EA 251 á siglingu út Eyjafjörð. Veður: A 7-8

Þegar báturinn var í mynni fjarðarins fékk hann á sig sjó með þeim afleiðingum að bátsverji sem var í kofu kastaðist úr henni og féll um 1,2 m niður á bekk.

Við rannsókn kom fram:

- að hvílan sem slasaði svaf í er með tiltölulega hárrí brík (kojustokkur) sem nær ekki eftir allri hvílu lengdinni en þar sem bríkin var ekki lá slasaði með höfuð og herðar og var því ekki varinn af bríkinni;
- að í fallinu bar slasaði fyrir sig hægri hendi á borð fyrir neðan og tók af mesta fallið. Fljótlega bólgaði úlnliðurinn og höndin svo hann leitaði læknis;
- að vinstri hendin varð undir líkamanum þegar hann skall niður á bekkinn. Slasaði kenndi sér ekki meins að neinu marki fyrr en nær níu mánuðum eftir slysið og leitaði þá læknis.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.